

Börkur Sigurbjörnsson

Lífið streymir áfram

örsaga



Urban Volcano

Lífið streymir áfram

Börkur Sigurbjörnsson


Creative Commons (BY-NC-ND) – 2023

<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölríttun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Lífið streymir áfram

Hann situr á brúninni og horfir yfir kraftmikið fljótið sem fær-
ist í iðuköstum eftir gljúfrinu undir fótum hans. Krafturinn er
óstjórnlegur. Vatnið slengist barma milli á leið sinni til hafs.
Örfáum andartökum áður hafði hann horft yfir ána ofar í daln-
um og dást að því hversu rólegur straumurinn var í breiðum ár-
farveginum. Hann örvéntir ekki. Hann veit að neðar í landinu
breikkar fljótið á ný og streymið róast.

Tíminn er vatnið—lífið er fljótið.

Stundum tökum við ákvörðun um að beina lífinu á betri braut. Við setjum okkur skýr markmið. Snúum taflinu okkur í hag. Göngum lífsins veg í rólegum öruggum skrefum. Færum annan fótinn fram fyrir hinn. Drögum andann rólega og endurtökum. Svo tekur lífið bara allt í einu aðra stefnu. Án þess að hafa nokkuð samráð við okkur. Án þess að við höfum nokkuð um það að segja. Við missum stjórnina. Við neyðumst til að fylgja straumnum. Einbeitum okkur að því að halda höfðinu upp úr vatninu þangað til við náum aftur tökum á tilverunni og finnum aftur tækifæri til þess að rétta úr kútnum. Tækifæri til þess að beina lífinu aftur í þann farveg sem okkur hugnast.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er menntaður tölvunarfræðingur og hefur hugbúnaðarþróun sem aðal viðurværi en sinnir skáldskap í hjáverkum. Börkur er fæddur og uppalinn í Reykjavík en hefur á undanförunum tveimur áratugum búið víðs vegar um heiminn, með langtímadvöl í Amsterdam, Barselóna, Bursheid, Düsseldorf, Lundúnum, Montevideo og Reykjavík. Börkur birtir reglulega örsögur, smásögur og ljóð á vefsíðunni Urban Volcano.

Bækur höfundarins

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson (heimasíða)

Urban Volcano